við frv. til erfðalaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. málsl. 1. töluliðar bætist: með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja.
   b. Við 2. tölulið bætist: með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

I. erfð.

Maki erfir ⅓ hluta eigna, þegar börn eru á lífi, en ⅔ hluta erfa börnin að jöfnu. Ef maka er ekki til að dreifa, taka börn allan arf.

Nú hefur barn andazt á undan arfleifanda, og erfa börn þess þá þann hluta, er því hefði borið. Ef arfleifandi á hvorki börn né barnabörn á lífi, tekur maki ⅔ hluta arfs, en foreldrar hins látna ⅓ hluta að jöfnu. Nú er annað foreldri látið, og hverfur þá hlutur sá, sem því hefði borið, til hins foreldrisins. Ef báðir foreldrar eru látnir, taka föðurforeldrar og móðurforeldrar sinn helming arfs hvorir. Nú er afi arfleifanda eða amma látin, og tekur þá það hjóna, sem eftir lifir, hluta hins. Ef eigi er til að dreifa afa eða ömmu arfleifanda, tekur maki allan arf.

Karl og kona, sem búið hafa saman í 3 ár eða meira, eiga saman niðja og eru samvistum, er annað deyr, hafa sama rétt til arfs og þótt gift hefðu verið.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

II. erfð.

Nú er maka ekki til að dreifa og báðir foreldrar arfleifanda, afar hans og ömmur látin, og taka þá börn hvors foreldris um sig þann arf, sem því hefði borið. Ef annað foreldranna á engin börn á lífi, hverfur allur arfur til barna hins.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

III. erfð.

Ef enginn erfingja samkvæmt 2. eða 3. gr. er á lífi, taka börn þeirra þann arfahlut, sem þeim hefði borið.

Arfur, sem tæmist samkvæmt erfðaskrá eða gjafabréfum, fellur undir III. erfð.